



GRH3B05, GRH3C05 og VEG3B05

Námsáætlun, vor 2024

Kennarar: Kristín María Ingimarsdóttir Kristín Þóra Guðbjartsdóttir Ragnhildur Ragnarsdóttir	Netföng: kristin.ingimarsdottir@borgo.is kristin.gudbjartsdottir@borgo.is ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Lýsing:

Í áfanganum vinna nemendur að þematengdum verkefnum á sviði grafískrar hönnunar. Veitt er þjálfun í hugmynda- og skissuvinnu og nauðsynlegri tækni til að útfæra hugmyndir og fullvinna verk. Áhersla er á skapandi hugsun, gagnrýna sýn og sjálfsskoðun. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér þá sérhæfðu þekkingu og færni sem þeir hafa aflað sér í ljósmyndun, myndvinnslu, kvikmyndun, hreyfimyndagerð og grafískri hönnun. **Nemendur kynna verk sín reglulega og allt vinnuferli þarf að vera sýnilegt á vinnslutíma, frá hugmynd að lokaverki.** Fræðileg umfjöllun og túlkun myndmáls skipa mikilvægan sess í áfanganum. Nemendur þurfa að fylgjast vel með því sem er að gerast í listum og menningu líðandi stundar og heimsóknir á söfn og sýningar er því mikilvægur þáttur í náminu.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig nýta má þá sérhæfðu þekkingu sem hann hefur aflað sér til framsetningar á eigin verkum.
- þeim tækjum og hugbúnaði sem nauðsynlegur er við verkefnavinnu.
- mikilvægi þess að fylgjast vel með því sem er að gerast í listum og menningu líðandi stundar.
- sinni sérstöðu og einstaklingsstyrk.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skipuleggja og vinna heildstæð verk sem byggja á sérhæfðri þekkingu í ljósmyndun, myndvinnslu, kvikmyndun og grafískri hönnun.
- rökstyðja ákvarðanir á faglegum grunni.
- kynna og greina frá inntaki verka sinna á skýran, skipulagðan og greinargóðan hátt.
- afla sér nauðsynlegrar viðbótarþekkingar.
- lesa og útskýra verk annarra af víðsýni og þekkingu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmyndir sínar og sýna áráðni við útfærslu þeirra og túlkun. Námsmat: leiðsagnar- og frammistöðumat.
- fjalla um og meta eigin verk á upplýstan og greinargóðan hátt. Námsmat: sjálfsmat- og frammistöðumat.
- greina, tjá sig um og meta verk annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi. Námsmat: frammistöðumat.
- nota ímyndunarafli, innsæi og tilfinningar við sköpun. Námsmat: frammistöðumat.
- skila af sér heilsteyptum fullbúnum verkum og koma þeim á framfæri. Námsmat: leiðsagnar-, frammistöðu-, jafningja- og sjálfsmat.

Námsmat:

Leiðsagnarmat, frammistöðumat.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skólasókn: Kynnið ykkur mætingareglur skólans, þar segir m.a. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 85% heildarskólasókn á önn.

Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomar jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

Nemendur þurfa að hafa lykil að stofu 208.

Þessir áfangar eru samkenndir:

- **GRH3C05** Hugmynda- og skissuvinna
- **GRH3B05** Ferilmappa og kynningar
- **VEG3B05** Lokaverkefni grafískrar hönnunar

Krafist er lágmarkseinkunnar 5 fyrir öll verkefni.

Kostnaður við verkefnavinnu: Reiknið með kostnaði við að fara með ferilmöppuna og lokaverkefni í prentsmiðju.

Fyrir lokaskil þarf verk að skilast á INNU fyrir miðnætti deginum áður.

	VERKEFNI	VÆGI	INNLAGNIR OG SKIL
1	Ný sýn A. Kynning. B. Verk innblásið af hönnuði	15%	Innlögn: 6. janúar Lokaskil: 24. janúar
2	Ferilmappa	30%	Innlögn 1: 9. janúar Skil 1: 21. febrúar Skil 2: 22. mars Skil til prentunar: 18. apríl
3	Skapandi textaverk Ljóð, lagatexti, slagorð. Áherslupættir: Hugmyndavinna / týpógráfía / myndlýsing / kvikun	15%	Innlögn: 25. janúar Lokaskil: 14. febrúar
4	Kynningarefni fyrir vorsýningu	10%	Innlögn: 22. febrúar Lokaskil: 6. mars
5	Lokaverkefni Hugmyndavinna, vinnuferli 40% Lokaverk 50% Uppsetning sýningar 5% Kynning á eigin verki á sýningunni 5%	30%	Kynning: 29. febrúar Milliskil: 20. mars Lokaskil: 19.- 22. apríl Kynningar: 6.- 10. maí
		100%	

Í hverju verkefni eru eftirfarandi þættir metnir:

- **Ferli** (Hugmyndavinna og þróun, metin á grundvelli skilaðra gagna). **30%**
- **Kynning** (Útskýring á hugmyndum, ferli og niðurstöðum við verkefnaskil). **15%**
- **Þátttaka** í umræðum og gagnrýni á verk annarra. **5%**
- **Lokaverk** (Áhersla á sköpun, frumleika og faglegar útfærslur). **50%**

Krafist er lágmarkseinkunnar, þ.e. 5 fyrir öll verkefni.

Námsgögn: Allt innlagnarefni, verkefnislýsingar og önnur fyrirmæli birtast á Innu.

TÍMAÁÆTLUN – LOKAÁFANGAR Í GRAFÍSKRI HÖNNUN VORIÐ 2024

Vika	Dags	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	5.-6. janúar	Verkefni 1. Ný sýn. Innlögn a) Kynning á hönnuði b) Verk innblásið af hönnuði	15% Innlögn 6. janúar
2	8.-12. janúar	Verkefni 1. Ný sýn. Rannsókn, hugmynda- og hönnunarvinna Verkefni 2. Ferilmappa. Samantekt á verkum, hönnun og umbrot	30% Innlögn 9. janúar
3	15.-19. janúar	Verkefni 1. Ný sýn. Hönnunarvinna Verkefni 2. Ferilmappa	
4	22.-26. janúar	Verkefni 1. Ný sýn. Hönnunarvinna og skil Verkefni 3. Skapandi textaverk Innlögn Verkefni 2. Ferilmappa	Skil, kynning og yfirferð 24. janúar 15% Innlögn 25. janúar
5	29. jan- 2. feb.	Verkefni 3. Skapandi textaverk Hönnunarvinna Verkefni 2. Ferilmappa Hönnunarvinna	
6	5.-9. febrúar	Verkefni 3. Skapandi textaverk Hönnunarvinna Verkefni 2. Ferilmappa. Hönnunarvinna	Skóhlífadagar Undirb./úrv.
7	12.-16. febrúar	Verkefni 3. Skapandi textaverk Hönnunarvinna og skil Ljóð, lagatexti, slagorð. Áhersluþættir: Hugmyndavinna / týpógráfía / myndlýsing / kvikun. Verkefni 2. Ferilmappa. Hönnun og umbrot	Skil og yfirferð 14. febrúar Varða 1
8	19.-23. febrúar	Verkefni 2. Ferilmappa. Skil 1 Verkefni 4. Kynningarefni fyrir vors. Hugmynda- & hönnunarvinna	Vorhlé mánudag og þriðjudag. Skil 1 / kynning 21. febrúar 10% Innlögn 22. febrúar
9	26. feb- 1. mars	Kynningarefni fyrir vorsýningu Hugmynda- og hönnunarvinna Verkefni 5. Lokaverkefni. Innlögn	30% Innlögn 29. febrúar

10	4.-8. mars	Kynningarefni fyrir vorsýningu Hönnunarvinna og skil Verkefni 4. Lokaverkefni. Hugmyndavinna og úrvinnsla	Skil / kynning 6. mars
11	11.-15. mars	Verkefni 4. Lokaverkefni. Hugmyndavinna og úrvinnsla	
12	18.-22. mars	Verkefni 4. Lokaverkefni. Milliskil Verkefni 2. Ferilmappa. Skil 2 Kynning. Tilbúið Indd skjal fyrir loka- yfirlestur og frágangur í prentun	Milliskil 20. mars Varða 2 Skil 2 22. mars
13	25. mars – 1. apríl	PÁSKALEYFI	Páskaleyfi
14	2.-5. apríl	Verkefni 4. Lokaverkefni. Hugmyndavinna og úrvinnsla Verkefni 2. Ferilmappa. Hönnun, umbrot og frágangur til prentunar. Skil 30. mars	Skil
15	8.-12. apríl	Páskaleyfi Verkefni 4. Lokaverkefni. Úrvinnsla og frágangur fyrir prentun	
16	15.-19. apríl	Verkefni 4. Lokaverkefni. Lokaskil 17. apríl. Sent í prentun í síðasta lagi 19. apríl Verkefni 2. Ferilmappa. Bæta við lokaverkefni og setja í prentun (sent í prentun í síðasta lagi 22. apríl)	Skil í prentun 19.-22. apríl Skil í prentun í síðasta lagi 18. apríl
17	22.-26. apríl	Verkefni 5. Kynningarefni. Hönnun og frágangur á kynningarefni fyrir sýninguna	Skil í prentun 22. apríl Sumardagurinn fyrsti 25. apríl
18	29. apr- 3. maí	Skipuleggja, hengja upp sýningu (opnun 2. maí)	Vorsýning Undirbúningur og opnun 2. maí
19	6.-10. maí	Verkefni 4. Lokaverkefni / vorsýning. Kynningar	Kynning
20	13.-17. maí	Frágangur og taka niður sýningu 19. maí	Taka niður verk á sýningu

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.